

„Að lesa stærðfræði“ – Sjálfstyrking fyrir nemendur í stærðfræði

Mímir - símenntun

Lok verkefnis: 4.6.2021

1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

„Að lesa stærðfræði“ – Sjálfstyrking fyrir nemendur í stærðfræði. Mímir – símenntun.

2. Um verkefnið

Innleiðing og frekari þróun á nýrri kennsluaðferð í stærðfræði fyrir markhóp framhaldsfræðslulaga. Aðferðarfræðin var skráð og leiðbeiningar fyrir kennara útbúnaðar, sem og nemendahefti sem inniheldur útskýringar á hugtökum og sýnidæmi. Ætlunin er halda áfram að innleiða aðferðarfræðina hjá Mími fyrir nemendur í Menntastoðum með stuðningi við kennara. Kennsluaðferðin sem um ræðir snýr fyrst og fremst að sjálfstyrkingu nemenda gagnvart stærðfræði með aðferðarfræði sem Hannes Hilmarsson, kennari hjá Mími í Menntastoðum, hefur þróað og notað yfir langt skeið.

3. Markmið verkefnis

Að greiða veg nemenda í framhaldsfræðslunni gagnvart stærðfræði og veita þeim sjálfstraust til að takast á helstu hindranir á námsferlinum.

4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Hannes Hilmarsson, höfundur aðferðafræðinnar og kennari hjá Mími.

5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Oftar en ekki má rekja helstu ástæðu brottfalls nemandanna úr framhaldsskóla til lélegs námsárangurs í stærðfræði sem á oft rætur sínar að rekja til stærðfræðióttanna nemandanna. Með aðferðarfræðinni er áhersla lögð á að auka sjálfstraust nemandanna í að læra stærðfræði og komast yfir þann ótta.

6. Lokaafurð/ir verkefnis

Rafrænt kennslufni – 540 blaðsíðna verk í 14 köflum. Verður gert aðgengilegt á [heimasíðu Mímis](#).